

Námsáætlun í samfélagsfræðigreinar

8 ára · Haustönn og vorönn 2026-2027

BEKKUR	KENningarAR	ÖNN	UPPHAFS- OG LOKADAGSETNING
3. BVK 3. HEH	Björg Vigfúsína Kjartansdóttir og Hafrún Erna Haraldsdóttir	Haust- og vorönn	24. ágúst 2026 – 9. júní 2027

Það sem við ætlum að læra

Haustönn: Við munum vinna með lífsleikni og sögur listamanna.

Hæfniviðmið:

Geti áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.

- Nemandi getur þekkt eigin styrkleika og sagt frá því sem hann gerir vel.
- Nemandi getur sýnt jákvætt viðhorf til eigin náms og framfara.

Geta gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.

- Nemandi getur sagt frá eigin styrkleikum og áhugamálum.
- Nemandi getur þekkt að fólk hefur ólíka styrkleika, hæfileika og áhugasvið.

Geta sagt deili á nokkrum frásögnum, helstum hátíðum og siðum kristni í nærsamfélaginu.

- Nemandi tekur virkann þátt í uppsetningu á helgileiknum. Uppsetningin á helgileiknum er ein af hefðum Skóla Ísaks Jónssonar.
- Nemandi getur sýnt virðingu fyrir ólíkum trúar- og lífsskoðunum.

Geta sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni.

- Nemandi tekur þátt í umræðum, frásögnum og verkefnum sem tengjast sögulegu efni.

Geta gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.

- Nemandi getur flokkað úrgang og tekið þátt í endurvinnslu með leiðsögn.
- Nemandi getur geri sér grein fyrir að hvað nemandinn getur gert til að vernda náttúruna.

Vorönn: Við munum vinna með þekktar íslenskar konur, samfélagið í nærumhverfi, Ísland og áframhaldandi vinnu um sögu íslenskra listamanna.

Hæfniviðmið:

Geta rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi

- Nemandi getur tekið þátt í umræðum um málefni sem tengjast skóla og nærsamfélagi.

Geta áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.

- Nemandi getur útskýrt á einfaldan hátt hvað samfélag er.
- Nemandi getur gert sér grein fyrir að allir eiga hlutverk og bera ábyrgð í samfélaginu.
- Nemandi tekur þátt í hópavinnu og kemur fram við aðra að virðingu.

Geta lýst því hvernig matvæli og föt verða til og hvar þau enda.

- Nemandi sýnir ábyrgð í neyslu með því að fara vel með mat og föt.
- Nemandi getur tengt eigin neysluvenjur við áhrif á samfélag og umhverfi.

Svona vinnum við

Vinnulag: Við munum vinna einstaklings- og hópverkefni, bæði skrifleg og skapandi. Kennsluhættir verða fjölbreyttir sem dæmi má nefna fyrirlestrar, vinnubækur, samræður, upplýsingaleit og skapandi verkefni.

Helstu verkefni, ferðir og viðburðir: Leikþátturinn um jólaguðspjallið verður sett upp fyrir jólin. Unnið verður í þemaverkefnum sem verða samþætt við aðrar námsgreinar um erlenda og íslenska listamenn, þekktar íslenskar konur og risaeðlur. Ef tækifæri gefst reynum við að fara á listasöfn. Unnið verður með styrkleika hvers og eins og hópsins í heild í lífsleikni.

Námsgögn: Notast verður við Halló heimur bækurnar 1-3, vinnubókina Lesrún, lestrarbókina Sófus og svínið, 7 venjur fyrir káta krakka, efni af veraldarvefnum, leikir og stafrænt efni.

Heimanám: Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í þessari námsgrein.

Námsmat og mikilvægar dagsetningar

Námsmat: Unnið verður með leiðsagnarmat jafnt og þétt á meðan þemaverkefnin eru í vinnslu.

HVAÐ VERÐUR METIÐ?	MATSÁÐFERÐIR OG MATSGÖGN	ÁÆTLUÐ SKIL
Þemaverkefni um listamenn	Skapandi verkefni og samskipti í hópavinnu	Jafnt og þétt yfir veturinn 2026-2027
Þemaverkefni um risaeðlur	Hópavinna og framsögn	15. nóvember 2026
Þemaverkefni um styrkleikar	Hópavinna og framsögn	15. nóvember 2026
Helgileikurinn	Framsögn og samskipti í hópavinnu	20. desember 2026
Þemaverkefni um þekktar íslenskar konur	Skapandi verkefni og samskipti í hópavinnu	15. febrúar 2027
Þemaverkefni um Ísland	Skapandi verkefni og samskipti í hópavinnu	15. maí 2027

Nánari upplýsingar, verkefnalýsingar og breytingar munu birtast á [mentor.is](#)